

Sp. 103. Tillaga til þingsályktunar [90. mál]

um athugun á sem hagkvæmastri skipan og um aukningu stofnlánasjóða sjávarútvegsins.

Flm.: Sverrir Júlíusson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka möguleika á auknum stofnlánnum til sjávarútvegsins, til þess að tryggja eðlilega uppbyggingu og fjárfestingu í þessari mikilvægu framleiðslugrein landsmanna. Sé jafnframt látin fram fara athugun á sem hagkvæmastri skipan með samræmdri eða sameinaðri starfsemi stofnana þeirra, er veita stofnlán til sjávarútvegsins.

Ríkisstjórnin skipi 5 manna nefnd til að vinna að þessu verkefni. Verði niðurstöður nefndarinnar lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Fjárbörf íslenzkra atvinnuvega hefur á þeim áratugum, er íslenzkt atvinnulíf hefur byggzt upp, verið mikil, og mun svo verða um ófyrirsjáanlega framtíð.

Sjávarútvegurinn hefur að vonum þarfnazt mjög mikils fjármagns til uppbyggingar að því er snertir byggingu veiðiskipa og byggingu fiskvinnslustöðva og iðjuvera.

Í verulegum mæli hefur sjávarútvegurinn orðið að byggja upp sína lánasjóði. Stofnlán hafa þó verið veitt af fleiri aðilum en þeim, er tekjur hafa beint frá sjávarútveginum. Hér á eftir mun verða greint frá þeim helztu og hve mikið fé var bundið hjá þeim í sjávarútveginum í árslok 1962.

Fiskveiðiasjóður Íslands var stofnaður með lögum árið 1905. Hann hefur haft sínar aðaltekjur af útflutningsgjaldi sjávarafurða, eða rúmar 265 millj. kr. (1905—1962). Framlag ríkissjóðs þetta tímabil hefur numið 35.250 millj. kr. Vextir og aðrar tekjur hafa numið 73.8 millj. kr.

Í árslok 1962 á sjóður þessi útistandandi lán með veði í fiskiskipum og vegna skipa í smíðum um 507.9 millj. kr., en með veði í fiskvinnslustöðvum útvegsmanna um 37 millj. kr.

Eins og kunnugt er, er aðalhlutverk fiskveiðasjóðs að lána til nýbyggingar fiskiskipa. Ef skip eru smíðuð erlendis, lánar hann $\frac{2}{3}$ hluta af kostnaðarverði, en $\frac{1}{4}$ hluta af kostnaðarverði fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands.

Fiskimálasjóður, sem stofnaður var með lögum 1947 (arftaki fiskimálanefndar), lánar viðbótarlán til uppbyggingar fiskvinnslustöðva sjávarútvegsins. Sjóður þessi gegnir að vísu fleiri hlutverkum, en útistandandi lán hjá honum vegna framleiðenda sjávarútvegsins námu í árslok 1962 37.7 millj. kr.

Framkvæmdabanki Íslands hefur, eins og kunnugt er, því hlutverki að gegna að veita lán til uppbyggingar atvinnuvega landsmanna. Stofnun þessi hefur, ef dæmt er eftir skiptingu lána á árunum 1953—1962, haft í mjög mörg horn að líta.

Lán til fiskveiða og vinnslu fiskafurða (munu aðallega vera lán til vinnslu fiskafurða) eru á nefndu tímabili um 161.3 millj. kr. Hve há fjárhæð var útistandandi hjá sjávarútveginum um síðustu áramót, verður eigi séð á reikningi bankans 1962.

Stofnlánadeild sjávarútvegsins var upphaflega stofnsett á nýsköpunartímabilinu 1944—46, lánaði til fiskiskipakaupa, þar með taldir botnvörpungar, og til fiskvinnslustöðva með hóflegum vöxtum.

Núverandi ríkisstjórn setti ný lög um stofnlánadeildina í ársbyrjun 1961 vegna lánabreytinga, er þá áttu sér stað hjá sjávarútveginum.

Skuldir sjávarútvegsins við stofnlánadeildina námu í árslok 1962 um 383.4 millj. kr. Eigi verður séð af reikningi deildarinnar í árslok 1962, hvernig fjárhæð þessi skiptist á milli veiðiskipa og fiskvinnslustöðva.

Það má segja, að hér séu upp taldar þær stofnanir, er lagalega skyldu hafa til stofnlánaveitinga til sjávarútvegsins.

En stofnlán sjávarútvegsins liggja mun víðar, í viðskiptabönkum, ýmsum sjóðum, er lánað hafa gegn ríkisábyrgð, svo sem lífeyrissjóðir, atvinnuleysistryggingasjóður o. fl.

Ekki liggur fyrir, hve mikið fjármagn, er varið hefur verið til uppbyggingar sjávarútvegsins, er hjá öðrum stofnunum en hér hafa verið taldar, en þær upphæðir eru áreiðanlega háar.

Það, sem fyrir flutningsmanni þessarar tillögu vakir, er fyrst og fremst, að aukin verði eðlileg stofnlán til sjávarútvegsins og þannig stuðlað að heilbrigðri þróun þessa undirstöðuatvinnuvegar landsmanna og jafnframt girt fyrir, að óumsamdar lausaskuldir verði rekstri sjávarútvegsins fjötur um fót, eins og komið var, þegar lögín um heimild Stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka voru sett, eða lög nr. 48 29. marz 1961.

Samtímis þessu færi fram athugun á sem hagkvæmastri skipan þessara lánsfjármála með samræmdri eða sameinaðri starfsemi stofnana þeirra, er veita sjávarútveginum stofnlán. Með þeim hætti mundi fást betri yfirsýn yfir, hvað landsmenn hyggjast fyrir á hverjum tíma um framkvæmdir í þessum efnum. Þá mundu og fást möguleikar á að hafa betri stjórn á þessum málum en stundum hefur viljað við brenna. Þá skal og að sjálfsögðu meta það á hverjum tíma, hvaða framkvæmdir skuli ganga fyrir, því að betra er að fullgera t. d. tvær fiskvinnslustöðvar fyrir komandi vertíð en að hafa fjórar hálfgerðar, sem væru ekki tilbúnar til starfrækslu fyrr en fiskigangan væri gengin hjá í það sinn.

Ef í ljós kæmi, að tiltækilegt þætti að koma á þeirri samstjórn, er hér um ræðir, þyrfti það ekki að skerða sjálfstæði þeirra stofnana, sem hér hafa verið nefndar. Þær hefðu nokkuð aðskilin hlutverk, svo sem fiskveiðasjóður, er lánar fyrst og fremst til veiðiskipakaupa, svo og stofnlánasjóðir, er lána aðeins til fiskvinnslufyrirtækja.

Ekki mundi heldur breytast, að leitað yrði til annarra stofnana um lán til

uppbyggingar sjávarútvegsins, nema athuganir þessar leiddu í ljós, að tiltækilegt þætti að stofna „Fiskiskipa- og fasteignalánastofnun sjávarútvegsins“, sem séð yrði fyrir nægu fjármagni til að svara eðlilegri lánaþörf sjávarútvegsins til bygginga og endurbóta.

Ef athuganir þær, sem hér er lagt til að fram fari, leiddu í ljós, að tiltækilegt yrði að auka stofnlánasjóðina, eins og hér er hugsað, og starfsemi þeirra samræmd, þá yrði án efa svo um allar stærri lánveitingar, hvort heldur væru frá öðrum opinberum sjóðum, svo og þegar erlend framkvæmdalán væru tekin, sem til sjávarútvegsins ættu að renna, að þeim mundi verða úthlutað af þeirri stofnun eða í samráði við hana. Að sama skapi mundi væntanlegum lántakendum verða mikill hægðarauki í að þurfa ekki að leita til eins margra aðila og verið hefur.